

í treyjukraga hans jafnskjótt og þeir voru komnir um borð.

"Fleygðu honum í sjóinn," sagði stýrimaðurinn, sem stóð á þilfarinu.

Henry leit fyrir litningaraugum á stýrimanninn. Hann vissi að það var óhætt í myrkrinu. Svo byrjaði hann að segja söguna af því, hvernig Gething gamli hefði sloppið úr greipum þeirra; og hann gerði það á þann hátt, að auðséð var að hann þóttist hafa frá merkisatburði að skýra. Hann byrjaði á upphafinu og gætti þess vandlega, að sleppa engu úr, til þess að gera söguna sem áhrifamesta. Aheyrendur hans voru ekki í góðu skapi til þess að hlusta á langa sögu og bentu honum á, að það ætti ekki illa við, eins og nú stæði á, að hann kæmist sem fyrst að aðalefninu.

"Eg skil ekkert í þessu," sagði skipstjórinn, þegar sögumaðurinn var búinn að segja söguna í styttri og skemdri útgáfu til þess að þóknast áheyrendum sínum. "Það er eitthvað, sem hann hefir orðið hræddur við. En við verðum að elta hann."

"Þeir leggja af stað klukkan eitt," sagði stýrimaðurinn. "Og svo getur skeð hann fáist ekki til að koma, þó við náum þeim. Hvað á að taka til bragðs? Þar að auki er ekki víst, að hann sé faðir hennar. Við erum í fallettri klípu."

"Eg veit ekki hvað við eigum að gera," sagði skipstjórinn; "eg veit svei mér ekki, hvað er bezt fyrir okkur að taka til bragðs."

"Þetta kemur mér náttúrlega ekki við," sagði Henry, sem hafði staðið þegjandi og hlustað á það, sem þeir sögðu; "en eg veit hvað eg mundi gera."

Skipstjórinn og stýrimaðurinn vildu fá að vita það tafarlaust.